

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurping - Kópasker urðun við Kópasker



Dags eftirlits	7.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurping - Kópasker	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elvar Árni Lund	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	615746,542 649342,948

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit. Þau varða að utanumhald yfir skráningar innra eftirlits eru ekki fullnægjandi miðað við ákvæði starfsleyfis, mælingaáætlun hefur ekki verið framkvæmd og hafa niðurstöður skráninga ekki skilað sér á tilskildum tíma. Engar athugasemdir eru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurpings í Kópaskeri í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Urðunarstaðurinn hefur heimild til að taka á móti 600 tonnum af úrgangi á ári sem á uppruna sinn í Kópaskeri, á Raufarhöfn og dreifbýli í nágrenni staðarins.

Urða má 500 tonn af almennum úrgangi, óvirkum úrgangi sem ekki flokkast sem spilliefni. Ekki má urða úrgang sem fellur undir 8 gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Heimilt er að geyma um 100 tonn af brotamálm í svæðinu yfir árið, hámark 50 tonn á hverjum tíma. Geymsla á öðrum úrgangi er óheimil. Gildistími starfsleyfis er til 16.12.2031.

Miklar mannabreytingar hafa orðið innan sveitarfélagsins og var fulltrúi rekstraraðila beðinn um að kynna sér starfsleyfið vel, skiladögum þess og helstu ákvæðum. Að viðbættu var minnt á það ábyrgðarhlutverk sem fulltrúi rekstraraðila hefur gagnvart starfsleyfinu. Við eftirlit var farið yfir helstu ákvæði þess. Fulltrúi rekstraraðila kom því á framfæri að miklar áskoranir fylgja flokkun á sorpi í sveitarfélaginu, þá helst að byggðin sé dreifð og fámenn. Voru önnur málefni rædd sem tengjast áskorunum í úrgangsmálum.

Fyrir á árinu samþykkti Umhverfisstofnun úrbótaáætlun vegna eldra frávíks á skilum á skráningum. Samkvæmt úrbótaáætlun var búið að ráða nýjan starfsmann sem kæmi til með að halda skráningum til haga. Engu að síður hefur skráningum ekki verið skilað.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn og ekki var tilefni til athugasemda.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
Frá grein 5.1. í starfsleyfi:	Skráningar innra eftirlits eru ekki til staðar. Vantar skráningar á liðum 2.-6. Einnig vantar inn skráningar veðurfars, þ.e. liðum 7.-11. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti skulu einnig sérstaklega vera skráðar hjá Umhverfisstofnun, sbr. gr. 4.1. í starfsleyfi.
Frávík frá grein 5.2 í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal vakta grunnvatn og yfirborðsvatn efir mælingaáætlun í starfsleyfi. Tíðni mælinga fyrir hæð grunnvatnsborðs er 2x á ári. Samsetningu grunnvatnsborðs 1x á ári og magn og samsetning yfirborðsvatns er annað hvert ár (á slétttöluári).
Frá grein 5.4. í starfsleyfi:	Senda skal eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1

maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19 gr. laga nr.55/2003.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

